

Aðalfundur Knattspyrnufélags Rangæinga var haldin 22. mars 2023 þar sem fram fóru venjuleg aðalfundarstörf og kosin var ný stjórn. Í stjórn félagsins sitja Tinna Erlingsdóttir formaður, Gunnar Aron Ólason gjaldkeri, Sandra Sif Úlfarsdóttir ritari, Jónas Örn Hreiðarson og Guðrún Lára Sveinsdóttir meðstjórnendur, Ellert Geir Yngvason og Klara Viðarsdóttir eru varamenn.

Mannauður félagsins er mikill og á árinu 2023 voru 8 starfandi þjálfarar hjá félaginu. Þjálfarar félagsins á nýliðnu starfsári voru Ólafur Örn Oddsson, Yngi Karl Jónsson, Ástvaldur Helgi Gylfason, Lárus Viðar Stefánsson, Þorgils Freyr Gunnarsson, Stefán Bjarki Smárason, Óðinn Magnússon og Helga Dögg Ólafsdóttir. Meistaraflokkur karla KFR spilaði í 5. deild á tímabilinu en þjálfarar þeirra voru Yngvi Karl Jónsson og Hjörvar Sigurðsson.

Iðkenda fjöldi KFR hefur aukist jafnt og þétt og í yngri flokkum félagsins æfa yfir 250 iðkendur knattspyrnu úr þremur sveitafélögum. Rangárþingi eystra, Rangárþingi ytra og Ásahreppi. Sveitafélögin standa þétt við bakið á félaginu og veita árlega góða styrki til félagsins til að sinna iðkendum sínum, bæði í peningastyrkjum og með aðgangi að íþróttasvæðum sveitafélaganna. Sérstakt átak fór af stað haustið 2019 til þess að auka vægi stúlkna í knattspyrnu og fékk félagið veglegan styrk frá Rannís til þessa verkefnis. Verkefnið hefur einnig hlotið styrk úr Verkefnasjóði HSK. Þetta er langtímaverkefni á vegum félagsins og hefur skilað auknum iðkendum meðal stúlkna í sveitafélaginu. Einnig er nýstofnaður meistaraflokkur kvenna KFR að þróast. KFR fékk einnig styrk frá HSK til þess að bjóða yngstu iðkendum, 4-6 ára fríar æfingar í samstarfi við leikskólana á svæðinu á þar síðasta ári og það þróunarverkefni hefur heldur betur dafnað og vaxið 8. flokkur orðin mjög stór.

Iðkendur yngri flokka fóru á mörg mót víðsvegar um landið og erlendis á tímabilinu og einnig tók KFR þátt í Faxaflóamóti og Íslandsmóti KSÍ.

3. flokkur kvenna KFR fóru á Costa Blanca Cup á Spáni sumarið 2023. Þar unnur þær B úrslit í U16.





